

FRÉTTATILKYNNING FRÁ HEILSU EHF. INNKÖLLUN á Ichoc „Milkless“ súkkulaði

Reykjavík 07.10.2016

Heilsa ehf. í samvinnu við Matvæla- og heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hafa verið beðin um að innkalla og taka úr sölu Ichoc „Milkless“ súkkulaði frá Ecofinia í Þýskalandi. „Milkless“ vöruheitið þykir vera villandi. Vörunni er pakkað í verksmiðju sem pakkar vörum sem innihalda mjólk, svo krossmengun getur orðið við þökkunina.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

- Vörumerki: Ichoc
- Vöruheiti: Milkless
- Strikanúmer: 4044889002966
- Umbúðir: Pappír
- Nettómagn: 80 gr
- Dreifing: Gló Fákafeni, Heilsuhúsin, Samkaup Nettó og Krambúðinni.

Varan er ekki hættuleg eða óneysluhæf nema fyrir þá sem eru með mjólkurofnæmi/óþol. Neytendur sem hafa keypt vöruna eru vinsamlega beðnir um að skila henni í verslunina þar sem hún var keypt.

Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá Heilsu ehf í síma 533-3232

